

Sjálfsmat á vefnum

Í námskerfi Björgunarskólans getur nemandi tekið stutt sjálfsmat til að átta sig á stöðu sinni í hverju fagi fyrir sig. Sjálfsmatið er eingöngu fyrir hvern og einn til glöggvunar á eigin þekkingu. Niðurstaða matsins gefur vísbendingu um hvort þörf er á endurmenntun, fullri grunnmenntun eða hvort nóg sé að taka formlegt stöðumat.

Niðurstaða:

Þekking á efninu er lítil. Þú ættir að sækja grunnnámskeið.

Niðurstaða:

Þú hefur góða grunnþekkingu en ættir að sækja endurmenntun.

Niðurstaða:

Þú kannt efnið vel og ættir að geta tekið stöðumat.

Grunnnám

Björgunarmaður 1 miðar að því að gera björgunarfólk sjálfbjarga við flestar þær aðstæður sem það getur lent í og veitir grunnþekkingu í leit og björgun.

Endurmenntun

Megin áhersla endurmenntunarinnar er að fara yfir grunnatriði og bæta við nýjungum.

Stöðumat

Markmiðið er að meta þekkingu björgunarfólks að verðleikum þó að ekki liggi fyrir formleg námskeiðssókn hjá Björgunarskóla eða annarsstaðar.

Framkvæmd:

Staðnám:

Boðið er upp á hefðbundið staðnám fyrir þær sveitir/svæði sem þess óska.

Fjarnám/staðnám á dagskrá:

Flest grunnnámskeið á dagskrá skólans verða í framtíðinni blönduð fjar- og staðnám þar sem hluti námskeiðs er tekinn í fjarnámi og hluti í verknámi í heimabyggð.

Framkvæmd:

Endurmenntunarþing:

Farið verður í herferðir um landið þar sem boðið verður upp á endurmenntun í fögum björgunarmanns 1.

Fjarnám:

Einstök fög verða í boði sem endurmenntun í fjarnámi.

Framkvæmd:

Viðtöl:

Reyndir leiðbeinendur á vegum Björgunarskólans taka stutt viðtal við nemanda til að meta þekkingu á hverju sviði. Viðtölin fara fram á sama stað og tíma og endurmenntunarþingin.

Báðar leiðirnar enda á sambærilegu einföldu prófi þannig að sama þekking ætti að vera tryggð hvaða leið sem farin er. Sama þekking er einnig prófuð í stöðumatsviðtalinu fyrir þá sem velja þá leið.

Niðurstaða: Staðist

Menntunin er skráð inn í skráningakerfi Björgunarskólans þar sem nemendur geta skráð sig inn og haft yfirsýn yfir sína menntun.

Niðurstaða: Ekki staðist

Próf tekið aftur.

Niðurstaða: Staðist

Niðurstaða: Ekki staðist

Grunnnámskeið tekið aftur.